



Umhverfis- og skipulagssvið
Borgartún 12-14
105 Reykjavík

Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um mál nr. 966/2025 í skipulagsgátt, Kjalarnes, Saltvík - Reitur C - USK25030131. Breyting á deiliskipulagi

Vísað er til máls nr. 966/2025 í skipulagsgátt, Kjalarnes, Saltvík - Reitur C - USK25030131. Breyting á deiliskipulagi. Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur (HER) hefur farið yfir málið og gögn þess og gefur eftirfarandi umsögn.

HER gerir ekki athugasemdir við fjölgun alifugla stæða enda eru kröfur í 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldihús alifugla, loðdýra og svína um lágmarksfjarlægðir fyrir alifuglahús frá mannabústöðum, útivistarsvæðum og vinnustöðum uppfylltar. Fjarlægðarmörk fyrir bú með stæði fyrir 40.000-80.000 fugla eiga að lágmarki að vera 50 m frá fyrrgreindum svæðum. Í 6.gr er einnig tilgreint að fjarlægðarmörk eigi ekki við um mannabústaði og vinnustaði sem tilheyra búrekstrinum eða vinnustaði með sambærilega starfsemi. Næsti mannabústaður og vinnustaður við reit C er meðferðakjarni SÁÁ sem liggur í um 550 m fjarlægð. Íbúðarhús í Saltvík eru í um 100 m fjarlægð frá byggingarreit en þau hús eru nýtt sem starfsmannabústaðir og því ekki háð fjarlægðartakmörkunum. Engu að síður myndu kröfur reglugerðar einnig vera uppfylltar varðandi þessi íbúðarhús.

HER bendir á að kröfur og skilyrði varðandi mengunarvarnir verða settar í starfsleyfi viðkomandi fyrirtækis í samræmi við gildandi lög og reglugerðir.

Virðingarfyllt

f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
Verkefnastjóri